

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 577 24. nóvember 1980
um niðurfellingu aðflutningsgjalda af ýmsum efnivörum
til brauð-, kex- og/eða sælgætisgerðar.

1. gr.

Eftirtaldar vörur bætast við upptalningu vara í 1. gr. auglýsingarinnar:

Tollskrárnúmer:	Vöruheiti:
17.02.02	Hunangslíki, einnig blandað náttúrulegu hunangi.
17.03.09	Melassi, ót.a.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 12. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., og 3. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tíma-
bundið vörugjald, með áorðnum breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 30. mars 1981.

F. h. r.

Björn Hafsteinsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

Nr. 187.

25. mars 1981.

AUGLÝSING

um niðurfellingu framleiðsluforskrifta lyfja.

Frá og með 1. október 1981 er framleiðsla eftirtalinnna forskriftarlyfja og lyfja
framleiddum skv. óstöðluðum forskriftum óheimil.

Tablettae codipheni NORD.
Compressi diazepami 2 mg.
Tablettae magnyli 150 mg DAK 63.
Tablettae pantothenatis 50 mg DAK 63.
Tablettae pyridoxini 20 mg DD 63.
Tablettae thiamini 3 mg NORD.
Compressi thiamini/pyridoxini aa 20 mg.

Heimilt er að afgreiða viðkomandi lyf í heildsölu og smásölu til og með 31. mars
1982.

Auglýsing þessi er birt með stoð í reglugerð um skráningu innlendra sérlyfja
nr. 334/1979.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. mars 1981.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingólf J. Petersen.